



Akureyri 12. nóvember, 2014

Til Velferðarnefndar Alþingis.

Efni: Umsögn hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu (þingskjal 27 — 27. mál).

Almennt:

Að okkar áliti er hér um gott skref að ræða og mikilvægt að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að setja fram aðgerðaáætlun til eflingar fjarheilbrigðisþjónustu. Það er ljóst að fjarlækningar eiga fullt erindi í íslenskt heilbrigðiskerfi. Við viljum hins vegar benda á þá hættu að það gæti farið svo að dreifðar byggðir hefðu síður fasta stöðu læknis ef hægt væri að komast af með ódýrari valkost. Það er mikilvægt að öryggi sjúklinga sé alltaf haft að leiðarljósi.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs,

Sólveig Tryggvadóttir
varaformaður hjúkrunarráðs
Sjúkrahúsið á Akureyri
Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri
netfang: hjúkrunarrad@fsa.is